

Ed.

566. Frumvarp til laga

[187. mál]

um breyting á lögum nr. 68 25. maí 1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Jón Kjartansson.

1. gr.

Í stað orðanna „31 eyri“ í a-lið 1. gr. laganna komi: 36 aura.

2. gr.

Í stað orðanna „5 aura“ í a-lið 8. gr. laganna komi: 10 aura.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þörf á endurbyggingu stórbrúa og byggingu nýrra er enn miklu meiri en svo, að núverandi tekjur brúasjóðs hrökkvi til viðunandi framkvæmda á því sviði. Hér er því lagt til, að tekjur sjóðsins verði auknar með því að hækka innflutningsgjald af benzíni um 5 aura á lítrann, og yrði það gjald þó ekki talið hátt hér á landi, miðað við það, sem tíðkast annars staðar í menningarlöndum, en verkefni hvergi meiri en hér hlutfallslega.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASKRIFSTOFA

Benzínskattur.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum var verðlag á benzíni í nóv. 1953 í nokkrum Evrópulöndum sem hér greinir. Miðað er við verð í höfuðborgum landanna:

Ísland	ísl. kr. 1.72	
hér af skattur	kr. 0.65	
Danmörk	D. kr. 0.78 á 2/363	= kr. 1.84
hér af skattur	kr. 0.41 = ísl. kr. 0.97	
Noregur	N. kr. 0.94 á 2/285	= — 2.15
hér af skattur	N. kr. 0.46 = ísl. kr. 1.05	
Svíþjóð	S. kr. 0.59 á 3/155	= — 1.86
	ísl. 9.52 á 4.546 l.	
Bretland	4 sh. 2 d. pr. (imp. gl.)	= — 2.10
Finnland	F. mk. 35.00 á 0/071	= — 2.49
Þýskaland	D. M. 0.63 á 3/883	= — 2.45
Belgía	b. frcs. 6.40 á 0/3267	= — 2.09
Frakkland	fr. frcs. 64.10 á 0/466	= — 2.99
Holland	fls. 0.378 á 4/299	= — 1.63
Sviss	Sv. frcs. 0.60 á 3/737	= — 2.24

Fjárveitinganefnd Alþingis.